

# HEILBRIGÐISNEFND AUSTURLANDS

## STARFSLEYFI

**Starfsleyfishafi:** Skeljungur hf.  
kt. 590269-1749

**Starfsstöð:** Hallormsstaður, 701 Egilsstaðir  
Fastanúmer: 217-5087

Leyfið gildir frá 17. apríl 2019 til 17. apríl 2031

### Um er að ræða starfsleyfi fyrir

- eldsneytisafgreiðslu

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br. og skv. reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina kunna að gilda og starfsleyfisskilyrðum sem fylgja starfsleyfi þessu og eru óaðskiljanlegur hluti þess.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Austurlands. Verði meiri háttar breyting á rekstrinum eða breyting sem gæti leitt til aukinnar mengunar að mati Heilbrigðisnefndar ber að sækja um starfsleyfi að nýju. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess.

Starfsleyfið er gefið út til 12 ára en heimilt er að endurskoða það ef breytingar verða á starfsemi, rekstri eða staðsetningu að mati útgefanda eða ef nýjar reglur um mengunarvarnir taka gildi.

Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá HAUST hverju sinni. Eftirlitsgjöld verða innheimt samkvæmt ákvæðum ofangreindra laga þar til forsvarsmaður hefur tilkynnt stöðvun rekstrar og heilbrigðiseftirlit staðfest það.

f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands



Dröfn Svanbjörnsdóttir,  
heilbrigðisfulltrúi



**HAUST**

Heilbrigðiseftirlit Austurlands

# Starfsleyfisskilyrði

## Heilbrigðisnefndar Austurlands

**Starfsleyfishafi:** Skeljungur hf., kt. 590269-1749

**Starfsstöð:** Hallormsstaður, 701 Egilsstaðir

**Fastanúmer:** 217-5087

Leyfið gildir frá 17. apríl 2019 til 17. apríl 2031

Um er að ræða starfsleyfi fyrir:

- **eldsneytisafgreiðslu með þvottaplani**

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt neðangreindum lögum og á grunni umsóknar dags. 13. febrúar 2019.

Lög sem um starfsemina gilda eru meðal annars

- *Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br.*

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina gilda svo sem

- *Reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit*
- *Reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi*

### 1. Lýsing á starfseminni og skilyrði sem gilda.

---

Um er að ræða eldsneytisafgreiðslu þar sem selt er jarðefnaeldsneyti. Eingöngu er um að ræða sjálfsafgreiðslu.

Á lóðinni eru tveir neðanjarðar einfaldir stálgeymar í lekavörn, hvor um sig 10.000 L. Annar fyrir 95 oktan bensín og hinn fyrir diesel olíu.

Geymar voru smíðaðir af Vélsmiðju Eyjólfssonar árið 1994 og uppfylla staðalinn NS 1541. Geymarnir liggja í olíuþolinni dúkþró. Til staðar er gufuendurheimtunarbúnaður og áfylli- og yfirfyllivörn.

Um starfsemina gilda m.a.:

- *Reglugerð 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi*
- *Almenn starfsleyfisskilyrði fyrir mengandi starfsemi*
- *Starfsleyfisskilyrði fyrir bensínstöðvar*

### 2. Mengunarvarnir

---

Starfsleyfishafi skal eins og kostur er fyrirbyggja eða draga úr mengun lofta, láðs og/eða lagar sem kann að stafa frá starfsemi fyrirtækisins með viðeigandi aðferðum og mengunarvarnarbúnaði. Starfsleyfishafi skal beita samþættum mengunarvörnum þar sem það á við, svo að ráðstafanir til að

draga úr tiltekinni mengun í einum viðtaka valdi ekki eða auki mengun í öðrum. Beita skal bestu aðgengilegu tækni (BAT) við mengunarvarnir í þeim tilvikum sem hún hefur verið skilgreind.

## **2.1. Mengunarvarnir fráveitu**

### **2.1.1. Olúskilja**

Fráveita frá áfylli- og afgreiðsluplani er leidd um einfalda olúskilju sem er ekki í samræmi við gildandi staðla. Um er að ræða steinskilju að þvermáli 600 m/m hvorki með sjálfvirkum viðvörunarbúnaði né sýnatökubrunni.

Mæla skal magn olíu í skiljunni mánaðarlega. Tryggt skal að aðstæður á vettvangi séu með þeim hætti að auðvelt sé að fylgjast með frárennsli frá olúskilju og taka sýni úr frárennslinu en það skal gert þriðja hvert ár. Tæma og hreinsa skal eftir þörfum með hliðsjón af leiðbeiningum Umhverfisstofnunnar um olúskiljur. Viðurkenndur aðili með tilskilin leyfi skal annast tæmingar og skal það gert eftir þörfum en þó eigi sjaldnar en þriðja hvert ár. Alla þjónustu, eftirlit og viðhald skal skrá og dagsetja í rekstrarhandbók stöðvarinnar.

#### **2.1.1.1. Krafa um mengunarvarnarbúnað í samræmi við gildandi staðla**

Olíu- og sandskiljur skulu vera í samræmi við gildandi staðla hverju sinni, sbr. viðauka II í reglugerð nr. 884/2017. Krafa er um að setja niður slíka olúskilju við starfstöð Skeljungs í Hallormsstað.

Skv. ákvæði II til bráðabirgða í reglugerðinni er heimilt að olúskiljur sem eru til staðar við gildistöku reglugerðarinnar verði ekki útbúnar sjálfvirkum viðvörunarbúnaði fyrr en fimm árum eftir gildistöku reglugerðarinnar eða í nóvember 2022. Fyrir þann tíma skal ný olúskilja með sjálfvirkum viðvörunarbúnaði og lokunarbúnaði komin fyrir við starfstöðina.

### **2.1.2. Sandfang**

Fráveita frá þvottaplani er leidd um sandskilju. Alla þjónustu, eftirlit og viðhald skal skrá og dagsetja í rekstrarhandbók.

## **2.2. Mengunarvarnabúnaður**

Mengunarvarnarbúnaður, t.d. sérstök ídræg efni eða mottur, skal vera tiltækur til að bregðast við minni mengunaróhöppum. Auk þess skal hafa tiltækan búnað til að loka niðurföllum eða hindra á annan hátt að olía geti borist í niðurföll.

Heilbrigðiseftirlitið getur í sérstökum tilvikum gert kröfu um lokubúnað á olúskilju til að koma í veg fyrir að mengandi efni berist í fráveitu ef óhapp verður.

## **3. Prófanir og sýnatökur**

---

Rekstraraðili skal kosta og ábyrgjast framkvæmd mælinga, sem kveðið er á um í starfsleyfi þessu. Prófanir og úttektir skulu vottaðar af viðurkenndum úttektaraðila.

### **3.1. Sýnataka af fráveitu frá olúskilju**

Rekstraraðili skal láta taka sýni af fráveituvatni frá olúskilju á þriggja ára fresti, fyrst innan árs frá útgáfu starfsleyfisins. Rannsaka skal magn olíu og fitu í fráveituvatninu. Losunarmörk eru að hámarki 15 ppm af olíu í fráveituvatni frá skiljunni. Mælist mengun yfir mörkum skal fyrirtækið grípa til ráðstafana til að draga úr menguninni og taka sýni á ný innan 4ra vikna. Þetta skal endurtaka þar til olía í fráveituvatni er innan viðmiðunarmarka. Rannsóknaniðurstöður skulu sendar til Heilbrigðiseftirlits Austurlands og skráðar í rekstrarhandbók starfstöðvar.

### **3.2. Þrýstiprófanir**

Rekstraraðili skal láta þrýstiprófa olíulagnir eftir breytingar og viðgerðir. Niðurstöður prófana og breytinga skal færa í rekstrarhandbók starfstöðvar.

### **3.3. Sjálfvirkur búnaður**

Rekstraraðili skal láta prófa allan sjálfvirkan búnað, s.s. nema, loka o.p.h., árlega. Niðurstöður skal færa í rekstrarhandbók starfstöðvar.

## 4. Handbók innra eftirlits, rekstrarhandbók

---

Rekstraraðili skal halda rekstrarhandbók fyrir starfstöðina sem skal vera aðgengileg fyrir umsjónaraðila starfstöðvar og eftirlitsaðila. Heimilt er að vista handbókina miðlægt.

### 4.1. Tæknilegar upplýsingar

Í handbókinni skulu koma fram tæknilegar upplýsingar um helstu mannvirki sem og olúgeyma, olú- og sandskiljur, olúlagnir og lagnakerfi, þ.m.t. fráveitulagnir, mengunarvarnir, slökkvibúnað, útsláttarrofa fyrir dælubúnað og dælu- og rafbúnað.

Halda skal skrá yfir olúgeyma þar sem eftirfarandi upplýsingar koma fram: nafn framleiðanda, staðsetning olúgeymis, olútegund, númer geymis, byggingarár, líftími olúgeymis sé hann uppgefinn, stærð og smíðastaðall. Ennfremur skal skrá tegund yfirfyllivarnar og tegund lekaviðvörunar.

Lagnateikning skal vera til staðar með upplýsingum um legu og fyrirkomulag frárennislagna.

### 4.2. Innra eftirlit

Viðhafa skal reglulegt eftirlit með umhverfis- og rekstarþáttum sem geta haft áhrif á mengun og/eða losun efna út í umhverfið. Í handbókina skal skrá og dagsetja innra eftirlit með eftirtalin atriði ef við á.

- Magn og gerð spilliefna sem skilað er til móttökustöðvar ásamt staðfestingu flutningsaðila og/eða móttökustöðvar
- Alla þjónustu, eftirlit og viðhald á olú- og sandskiljum. Við tæmingu skal skrá magn sands og olúsora sem er tekið.
- Rannsóknaniðurstöður sýnatöku fráveitu frá olúskilju
- Allt eftirlit og meiriháttar viðhald, endurbætur og feril olúgeymis
- Mánaðarlegt birgðauppgjör geyma
- Allt eftirlit með millibyrði geyma
- Þrýsti- og lekaprófanir á geymum og lögnum
- Niðurstöður þykktamælinga á geymum
- Mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim
- Árlegar prófanir á sjálfvirkum búnaði
- Fræðsla og þjálfun starfsmanna

## 5. Mengunarslys

---

Komi til atvika sem geta haft umtalsverð áhrif á umhverfið skal tafarlaust gripið til ráðstafana til að hindra að efni eða úrgangur berist í umhverfið eða í niðurföll.

Slík atvik skal tilkynna til Heilbrigðiseftirlits Austurlands.

## 6. Starfsemi hætt

---

Verði rekstri hætt skal tilkynna Heilbrigðiseftirliti Austurlands skriflega með a.m.k. mánaðar fyrirvara. Fjarlægja skal geyma, lagnir og annan búnað sem tengist starfseminni af og úr jörðu og skilja við svæðið þannig að sem minnst ummerki verði eftir í samræmi við fyrirfram gerða áætlun sem skal liggja hjá Heilbrigðiseftirlitinu og öðrum hlutaðeigandi. Komi í ljós mengun í jarðvegi skal fyrirtækið láta hreinsa svæðið á sinn kostnað, gerist þess þörf, og sjá til þess að úrgangi sé fargað á viðkenndan hátt. Við ákvörðun um athugun á athafnasvæði, mat á mengun, hreinsunarþörf og hreinsiaðgerðir skal haft fullt samráð við Heilbrigðiseftirlitið. Niðurrif olúgeyma, olúskilja og lagna er byggingaleyfisskilt.

Heilbrigðisnefnd getur, ef ríkar ástæður krefja, heimilað að gengið sé frá olúgeymum á staðnum, ásamt lögnum tengdum, í samræmi við fyrirmæli heilbrigðiseftirlits.

## 7. Annað sem varðar starfsemina

---

### 7.1. Fráveita

Afrennsli frá skiljum er leitt í hreinsivirki í Hallormsstað.

Um fráveitur gilda m.a.:

- *Reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp*

### 7.2. Meðferð úrgangs

Allur úrgangur skal meðhöndlaður í samræmi við reglur sveitarfélagsins.

Spilliefni og hvers konar efni sem unnt er að endurvinna og endurnota skulu flokkuð sér og flutt til móttöku skv. reglum þar um og taka kvittun til staðfestingar á réttum skilum.

Um úrgang gilda m.a.:

- *Lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs*
- *Reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs*
- *Reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni*

### 7.3. Lóð og umhverfi

Umgengni um lóð og athafnasvæði skal vera góð og lóðamörk skulu virt.

Ekki er heimilt að geyma óviðkomandi tæki, hluti eða vélar á lóðinni.

## 8. Krafa vegna starfsleyfis

---

Krafa er um að fyrir nóvember 2022 vera búið að uppfylla skilyrði um mengunarvarnir á starfstöð fyrirtækisins, skv. ákvæði í reglugerð nr. 884/2017.

Fylgja skal leiðbeiningum Umhverfisstofunnar um olúskiljur við val á skiljum, uppsetningu þeirra og frágangi við þær.

Leggja skal fyrir HAUST gögn um áformað val lagna og hreinsivirkja áður en ráðist er í framkvæmdir.

17. apríl 2019

Virðingarfyllst,

f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands



Dröfn Svanbjörnsdóttir,  
heilbrigðisfulltrúi

17. apríl 2019

Skeljungur hf.  
Borgartúni 26  
105 Reykjavík

### **Greinargerð um útgáfu starfsleyfis fyrir eldsneytisafgreiðslu í Hallormsstað, 701 Egilsstöðum**

Umsókn um endurnýjun starfsleyfis fyrir rekstur bensínstöðvar með sjálfafgreiðslu í Hallormsstað, 701 Egilsstöðum barst 13.2.2019. Umsækjandi er Skeljungur hf., kt. 590269-1749.

Málsmeðferð við vinnslu starfsleyfisins hefur verið í samræmi við ákvæði í 6 gr. reglugerðar nr. 550/2108 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Drög að starfsleyfi voru útbúin og auglýst á heimasíðu HAUST þann 19. mars sl. og veittur fjögurra vikna frestur til athugasemda. Frestur til að gera athugasemdir rann út þann 16. apríl 2019.

Þar sem um endurnýjun á áður útgefnu starfsleyfi er að ræða og engar breytingar hafa orðið á staðsetningu og starfsemi fyrirtækisins var ekki leitað umsagna skipulags- og byggingafulltrúa.

Engar athugasemdir bárust við starfsleyfisdrögin innan auglýsts frests.

Starfsleyfi er því hér með gefið út.

Virðingarfyllst, f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands



Dröfn Svanbjörnsdóttir,  
heilbrigðisfulltrúi